

Ársskýrsla Landsmenntar



Ársskýrsla Landsmenntar 2012

Fræðslusjóður SA og SGS á landsbyggðinni

4/23/2013



Starfsgreinasamband
Íslands



SAMTÖK
ATVINNULÍFSINS

Efnisyfirlit:

Efnisyfirlit:.....	1
Formáli.....	2
Almennar upplýsingar	3
Úthlutun styrkja.....	4
Fyrirtækjastyrkir	6
Samningur um eigin fræðslu	10
Einstaklingsstyrkir.....	11
Fræðsla og kynningarstarf.....	21
Fjárhagur Landsmenntar	21
Lokaorð.....	22

Fylgiskjöl:

- Verkefnayfirlit (styrkloforð stjórnar 2012)
- Rekstrarreikningur 2012
- Efnahagsreikningur 2012

Formáli

Í þessari ársskýrslu verður birt yfirlit yfir starfsemi Landsmenntar fyrir starfsárið 2012. Gerð er grein fyrir helstu viðfangsefnum ársins ásamt því að farið er yfir verkefni sem hafa verið styrkt, jafnt þeirra sem unnin voru hjá fyrirtækjum eða stéttarfélögum sem og þeirra sem einstaklingsstyrkir voru notaðir til.

Gerð verður grein fyrir fræðslu- og kynningarstarfi á vegum sjóðsins, átaksverkefni og þeim ráðstefnum sem starfsmenn hafa sótt.

Landsmennt er fræðslusjóður Samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni. Aðildarfélögin eru 16 og er þar um að ræða stéttarfélög innan Starfsgreinasambands Íslands á landsbyggðinni.

Helstu verkefni Landsmenntar eru að sinna stuðningsverkefnum og þróunar-og hvatningaraðgerðum í starfsmenntun. Sjóðnum er ætlað að styrkja rekstur námskeiða og stuðla að nýjungum í námsefnisgerð ásamt því að veita einstaklingum, verkalýðsfélögum og fyrirtækjum beina styrki vegna sí-og endurmenntunar.

Einstaklingar sækja um styrki á þar til gerðum eyðublöðum til viðkomandi stéttarfélags sem sér um afgreiðslu þeirra í umboði Landsmenntar.

Fyrirtæki, stéttarfélög og eða fræðsluaðilar sækja um styrki til stjórnar Landsmenntar með því að senda rafræna umsókn sem er aðgengileg á heimasíðu, þar er hægt að koma á framfæri helstu upplýsingum vegna viðkomandi fræðsluverkefnis.

Upphaf fræðslusjóðsins má rekja til samkomulags sem gert var samhliða kjarasamningum sem undirritaður var 13. apríl árið 2000 á milli Samtaka atvinnulífsins, Verkamannasambands Íslands og Landssambands iðnverkafólks.

Almennar upplýsingar

Aðsetur Landsmenntar

Skrifstofa Landsmenntar, Sveitamenntar og Ríkismenntar er í Ofanleiti 2, fimmtu hæð (áður húsnæði Háskóla Reykjavíkur), en þar eru einnig til staðar Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Starfsmennt fræðslusetur. Þá má geta þess að Mímir-Símenntun hefur sitt aðsetur á þriðju hæð hússins. Sennilega má halda því fram að aldrei áður hafa jafnmargir aðilar sem sinna framhaldsfræðslu verið undir sama þaki, sem er mjög mikið ánægjuefni. Í húsinu er góð aðstað til fundarhalda og nýta sjóðirnir þá aðstöðu. Þá er góð aðstaða til fjarfundahalda sem stjórn Landsmenntar nýtir ef þurfa þykir. Augljós sparnaður verður með notkun þessarar tækni ásamt því að nýta fundarsíma símans.

Heimasíða Landsmenntar er www.landsmennt.is og er það markmið að veita réttar og skilmerkilegar upplýsingar um starfsemi sjóðsins, úthlutunarreglur og starfsreglur. Einnig eru settar þar inn tilkynningar og fréttir ásamt gögnum um starfsemi sjóðsins. Á heimasíðu sjóðsins eru aðgengileg rafræn umsóknareyðiblöð fyrir stéttarfélög, fyrirtæki og fræðsluaðila sem og fyrir einstaklinga.

Stjórn og starfsmenn

Framkvæmdastjóri Landsmenntar er og hefur verið frá upphafi Kristín Njálsdóttir og stýrir hún einnig rekstri Ríkismenntar SGS og Sveitamenntar SGS og LN skv. þjónustusamningi þar um á milli sjóðanna. Eyjólfur Bragason er verkefnastjóri sjóðanna.

Stjórn Landsmenntar er skipuð sex fulltrúum, þeir eru:

Frá Starfsgreinasambandi Íslands:

- Aðalsteinn Á. Baldursson, formaður stjórnar og formaður Framsýnar stéttafélags.
- Hjördís Þ. Sigurbórsdóttir, formaður Afls starfgreinafélags.
- Ásgerður Pálsdóttir, formaður Samstöðu stéttarfélags.

Varamenn: Anna Júlíusdóttir, Einingu lðju og Arnar Hjaltalín, Drífanda stéttarfélagi

Frá Samtökum atvinnulífsins:

- Arnar Sigurmundsson, varaformaður stjórnar, formaður stjórnar Samtaka fiskvinnslustöðva.
- Guðrún Eyjólfsdóttir, verkefnastjóri hjá Samtökum atvinnulífsins (SA).
- Unnur Halldórsdóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri Hótel Hamars í Borgafirði.

Varamenn: Ragnar Árnason, forstöðumaður vinnumarkaðssviðs hjá SA

Endurskoðun reikninga Landsmenntar

Löggildir endurskoðendur reikninga sjóðsins eru frá Deloitte en umsjón með bókun reikninga og greiðslu launa er hjá fyrirtækinu Fjárstoð ehf.

Stjórnarfundir

Stjórnin hélt 11 fundi á árinu sem ýmist voru haldnir í Ofanleiti 2 eða í gegnum fundarsíma Símans. Þá voru haldnir samráðsfundir sjóða m.a. með Starfsafli og Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks.

Úthlutun styrkja

Líkt og undanfarin ár er verkefnum sjóðsins skipt niður í styrki til fyrirtækja, stéttarféлага og fræðsluaðila ásamt þróunarverkefnum og þátttöku í námsgagnagerð og síðan einstaklingsstyrkjum til ýmissa námskeiða eða náms.

Styrkir Landsmenntar til einstaklinga

Styrkur til hvers félagsmanns er að hámarki kr. 60.000.- á hverju almanaksári nema þegar um er að ræða styrk vegna aukinna ökuréttinda (kr. 100.000.-) og þriggja ára ónotaðan rétt til styrks, en sá styrkur getur numið allt að kr. 180.000.-. Félagsmaður sem hefur unnið a.m.k. 6 mánuði af síðustu 12 mánuðum og greitt til aðildarfélags Landsmenntar á þeim tíma á rétt á styrk. Félagsmenn í atvinnuleit halda áunnum rétti sínum eins og hann var við starfslok ef þeir velja að greiða stéttarfélagsgjöld af atvinnuleysisbótum.

Nánari upplýsingar um einstaklingsstyrki er að finna í sérstökum bæklingi sem Landsmennt gefur út og á heimasíðu sjóðsins www.landsmennt.is

Breytingar á reglum sjóðsins gerðar 2012

Tómstundastyrkir

Undanfarin ár hefur félagsmaður átt rétt á einstaklingsstyrk vegna frístunda-/tómstundanámskeiða. Greitt hefur verið 50% styrkur að hámarki kr. 18.000.- á ári. Í ár var þessari reglu breytt þannig að félagsmaður fær greitt 75% af kostnaði námskeiðs að hámarki kr. 20.000.- sem eins og áður dregst frá heildarupphæð einstaklingsstyrks.

Ferða- og dvalarstyrkir (einstaklingsstyrkir)

Stjórn Landsmenntar samþykkti nýjar reglur varðandi ferða- og dvalarstyrki og sem fyrr er alltaf gert ráð fyrir að fólk velji ódýrasta ferðamátann. Greitt er vegna aksturs 25% af kílómetragjaldi eins og það er hverju sinni. Ef ekið er um Hvalfjarðargöng er heimilt að greiða hverja ferð niður um 75% af kostnaði viðmiðunarupphæðar gjaldskrár. Ekki er tekið þátt í ferðakostnaði vegna aksturs sem er innan við 12 km. frá námskeiðsstað eða skóla. Ef hagstæðara er að fljúga en aka er heimilt að niðurgreiða flugkostnað um allt að 75% af hverjum flugmiða.

Heimilt er að niðurgreiða hverja gistinótt á hótélum/gistiheimilum um að hámarki kr. 6000.- en þó aldrei meir en 75% af fullu verði.

Ferða- og dvalarstyrkir eru afgreiddir sér, en dragast frá hámarki einstaklingsstyrkja.

Réttindi eldri borgara eftir starfslok:

Samþykkt var eftir samráðsfund með stjórn Starfsafls að eldri borgarar/félagsmenn aðildarfélaga haldi rétti sínum til einstaklingsstyrkja í 24 mánuði eftir starfslok.

Styrkir Landsmenntar til fyrirtækja, félaga og fræðsluaðila

Fyrirtæki geta sótt um styrk til Landsmenntar til námskeiðshalds fyrir starfsmenn sem jafnframt eru félagsmenn í einhverju þeirra 16 verkalýðsfélaga utan höfuðborgarsvæðisins, sem eiga aðild að Starfsgreinasambandi Íslands og þar með Landsmennt. Styrkurinn getur numið 75% af kostnaði vegna verkefna sem sótt er um hjá fyrirtækjum sem eiga aðild að Samtökum atvinnulífsins (SA). Fyrirtæki utan SA geta fengið 67,5% vegna slíkra verkefna (90% af 75%).

Endurskoðun á reglum vegna fyrirtækjastyrkja

Frá og með 1. janúar 2013 verður hámark heildarupphæðar sem hvert fyrirtæki getur fengið í styrki úr sjóðnum kr. 3.000.000.- á ári.

Almennt eru veittir styrkir vegna námskeiða sem eru allt að 75% eða 67,5% (fyrirtæki utan SA) af viðurkenndum kostnaði, þó aldrei meir en sem svarar kr. 40.000.- á kennda klukkustund. Til viðbótar er heimilt að greiða styrki vegna ferða- og túlkakostnaðar samkvæmt gildandi reglum sem eru 75%/67,5% af kostnaði, allt eftir því hvort fyrirtæki eru innan SA eða ekki.

Námskeið erlendis: Fyrirtæki sem óskar eftir að senda starfsmenn á námskeið erlendis sem ekki stendur til boða innanlands, getur sótt um 75%(67,5% ef utan SA) af viðurkenndum kostnaði. Styrkur getur þó ekki orðið hærri en kr. 70.000.- vegna hvers starfsmanns. Að auki er heimilt að bæta við styrk vegna ferðakostnaðar innanlands ef fjarlægð frá heimabyggð að flugstöð/höfn er meira en 100 km. sú viðbót getur numið allt að kr. 30.000.- vegna hvers starfsmanns.

Náms- og kynnisferðir: Landsmennt veitir ekki styrki til fyrirtækja vegna náms- og kynnisferða til útlanda.

Tölvu- og tungumálanámskeið: Landsmennt styrkir slík námskeið um 75% af kostnaði (67,5% til fyrirtækja utan SA) eins og önnur starfstengd námskeið.

Aðrar reglur haldast óbreyttar og eru nánari upplýsingar aðgengilegar á heimasíðu Landsmenntar, www.landsmennt.is

Fyrirtækjastyrkir

Fjöldi styrkloforða á árinu voru til 141 verkefna sem er töluverð fjölgun frá fyrra ári eða um 30%. Samþykkt styrkloforð vegna þessara verkefna námu rúmlega 40 milljónum króna og fjöldi þátttakenda á bak við verkefnin eru um 4000 manns. Af þessum verkefnum hafa 97 verið gerð upp á árinu fyrir rúmar 31 milljónir króna auk verkefna frá fyrra ári.

Dæmi um helstu tegundir verkefna eru eftirfarandi:

Starfstengt nám í matvælaíðnaði

Verkstjórnarnámskeið

Nýliðafræðsla

Dyravarðarnámskeið

Íslenskunámskeið fyrir útlendinga, almenn og starfstengd

Þjónustunámskeið

Samskiptanámskeið/bætt líðan á vinnustað

Öryggis- og skyndihjálparnámskeið

Fjarskiptanámskeið

Starfatengd námskeið í iðnaði

Hópeflisnámskeið

Lengra starfsnám skv. námskrám Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (t.d. Færni í ferðaþjónustu, Jarðlagnatækni, Fjölverkjanám, Landnemaskólinn, Aftur í nám, Grunnmenntaskólinn, o.fl.)

Menntasmiðjur símenntunarmiðstöðva og stéttarfélaga


Þarfagreiningar (MARKVISS) fyrir fræðslu

Fræðslustjóri að láni - fræðsluáætlanir – fræðslustefna


Hér á eftir verða birtar nokkrar myndir vegna styrkveitinga til fyrirtækja og aðildarfélaga. Myndirnar sýna m.a. þróun á fjölda verkefna og skiptingu styrkja á atvinnugreinar og stéttarfélög. Þá eru nokkrar myndir sem sýna hlutfall í íslenskunámskeið fyrir útlendinga og hvernig sú tegund námskeiða skiptist á atvinnugreinar.



Matreiðslunámskeið hjá Einingu lðju; Fjölbreytt flóra félagsmanna en 25% félagsmanna aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands eru útlendingar.



Mynd 1. Myndin sýnir þróun á fjölda afgreiddra styrkloforða til fyrirtækja, stéttarfélaganna og fræðsluáðila. Fjöldun styrkloforða árið 2012 var meiri en var á milli áráanna 2010 og 2011.




Mynd 2. Hér sést hvernig styrkveitingar Landsmenntar dreifast á fyrirtæki innan fiskvinnslu/matvælaíðnaðurs, ferðaþjónustu, stóriðju og annan iðnað en 96% styrkveitinga eru til fyrirtækja og 4% til stéttfélaga/aðildarfélaganna.

Atvinnurekendur á landsbyggðinni hafa alltaf verið ötulir við að kaupa íslenskunámskeið fyrir sína starfsmenn og fá styrki frá sjóðnum til þess að niðurgreiða þau til viðbótar við þá niðurgreiðslu sem hægt er að fá frá menntamálaráðuneytinu. Þetta hlutfall íslenskunámskeiða er til viðbótar við þau íslenskunámskeið sem styrkt hafa verið með einstaklingsstyrkjum. Á árinu 2012 fóru 241 þátttakandi í gengum íslenskunámskeið á vegum fyrirtækja þar sem kostnaður pr. mann er kr. 22.500.- og sýnir að með þessum hætti er hægt að bjóða upp á íslenskunámskeið á hagkvæman hátt.


Atvinnurekendur hafa einnig í auknu mæli keypt til sín starfstengd íslenskunámskeið og einnig önnur starfstengd námskeið skv. námskrám Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Þessi námskeið hafa oft verið aðlöguð að tungumálafærni erlendra starfsmanna og þá er einnig algengt að notaðir séu túlkar inn á þessi námskeið.

Næsta mynd sýnir hlutfall styrkveitinga til íslenskunámskeiða hjá fyrirtækjum.




Mynd 3. Hér sést hlutfall íslenskunámskeiða af fjölda verkefna sem styrkt eru hjá fyrirtækjum á árinu. Um er að ræða svipað hlutfall og hefur verið innan einstaklingsstyrkja þegar miðað er út frá fjölda.

Skipting styrkja til fyrirtækja/atv.greina vegna íslenskunámskeiða



Mynd 4. Á þessari mynd sést að það eru fiskvinnslufyrirtækin og önnur matvælafyrirtæki sem eru í lang flestum tilvikum að sækja styrki til íslenskunámskeiða enda er þar mestur fjöldi útlendinga við störf.

Styrkir til námskeiða hjá fyrirtækjum 2012



Mynd 5. Á þessari mynd sést hlutfall íslenskunámskeiða gagnvart öðrum námskeiðum út frá skiptingu á þrjár megin atvinnugreinar.

Fræðslustjóri að láni

Landsmennt býður fyrirtækjum upp á verkefnið Fræðslustjóra að láni. Fyrirtækið fær þá mannauðsráðgjafa til sín sem fer yfir fræðslu- og þjálfunarmál fyrirtækisins, dregur fram það sem vel er gert, greinir fræðsluþörf og samhæfir nýjar hugmyndir að fræðslu við það sem þegar er til og útbýr fræðsluáætlun í samvinnu við stjórnendur og starfsmenn.

Verkefnið „Fræðslustjóri að láni“ byggist á að lána mannauðsráðgjafa til fyrirtækja samkvæmt samningi við hlutaðeigandi fræðslusjóði.

Samstarf fræðslusjóðanna Landsmenntar, Starfsafls og Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks (SVS) um verkefnið Fræðslustjóri að láni hefur gengið vel og þá er einnig mikil ánægja með sameiginlegt umsóknarblað sjóðanna. Í ár bættist RAFÍS við sem samstarfsaðili. Eftirtalin verkefni voru unnin á árinu:

- Fræðslustjóri að láni fyrir Sláturfélagið á Hellu. RM ráðgjöf var ráðin til verksins.
- Fræðslustjóri að láni fyrir Ísfélag Vestmannaeyja. Fyrirtækið Attentus, mannauður og ráðgjöf ehf. var ráðið til verksins.
- Fræðslustjóri að láni fyrir Sólheima Grímsnesi. Verkefnið var samvinnuverkefni með Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks (SVS). RM ráðgjöf var ráðin til verksins.
- Fræðslustjóri að láni fyrir Samherja á Akureyri og Dalvík. Markvissráðgjafi frá SÍMEY, Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar var fengin til verksins.
- Fræðslustjóri að láni fyrir Olíudreifingu ehf. Verkefnið er samstarfsverkefni Landsmenntar, Starfsafls, Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks og Fræðslusjóðs rafiðnaðarmanna (f.h. Rafiðnaðarsambandsins). Markvissráðgjafi hjá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS) vann verkið í samvinnu við markvissráðgjafa hjá Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar (SÍMEY).
- Fræðslustjóri að láni fyrir ISS ehf. um var að ræða samvinnuverkefni á milli Landsmenntar, Starfsafls og Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks (SVS). Markvissráðgjafi frá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS) vann verkið í samvinnu við Markvissráðgjafa hjá SÍMEY.

Samningur um eigin fræðslu

Landsmennt gerði samning við Olíuverzlun Íslands hf., Glófa ehf. og Íslenska gámafélagið ehf. um eigin fræðslu. Um er að ræða fjárhagslegan stuðning skv. reglum sjóðsins frá árinu 2009. Talað er um innanhúsfræðslu þar sem kennarar/leiðbeinendur eru jafnframt starfsmenn fyrirtækisins og er oftast um ræða sérhæfða fræðslu sem ekki er hægt að kaupa frá öðrum fræðsluaðilum.

Einstaklingsstyrkir

Starfsemi Landsmenntar spannar nú yfir rúmlega einn áratug. Frá árinu 2010 hefur styrkjum fjölgað um rúmlega eitt hundrað á ári. Upphæð styrks er aldrei meira en 75% af kostnaði námskeiðs en hámarksupphæð styrks hefur verið óbreytt frá árinu 2008 en þá hækkaði styrkurinn um kr. 10.000.- og er nú kr. 60.000.- Undanfarin ár hafa félagsmenn í síauknum mæli sótt sér menntun til framhaldsskóla, háskóla og starfsnám og hefur svokallaði *stóri styrkur* komið sér þar vel, en þeim sem nýta sér hann hefur fjölgað mjög. Það má sjá birtast í mynd 6 sem sýnir meðaltalsupphæð styrkja, en sú tala hefur hækkað jafnt og þétt hin síðari ár og sínu mest á milli 2011 og 2012.

Einstaklingsstyrkir árið 2012 voru 1854 en 1704 árið 2011 og hefur þeim því fjölgað um 5,6% á milli ára. Heildarupphæð greiddra einstaklingsstyrkja á árinu er kr. 76.881.229.- og hefur sú upphæð hækkað um tæpar 15,6 milljónir á milli ára. Meðaltal per. einstakling er kr. 41.468.- en var að meðaltali kr. 35.965.- per. einstakling 2011, hækkunin nemur tæplega kr. 6.000.-.


Þá voru sérstaklega teknar saman upplýsingar um úthlutun á styrkjum til einstaklinga sem áttu inni þriggja ára geymdan rétt (180.000) en það eru styrkir skv. samþykkt stjórnar fyrir árið 2010. Það tók félagsmenn aðildarfélaga rúmt ár að átta sig almennilega á þessari rýmkun á reglum um einstaklingsstyrki. Félagsmenn 14 aðildarfélaga nýttu sér þennan rétt á árinu 2012 og var samtals 122 slíkum styrkjum úthlutað sem er mikil fjölgun frá árinu áður en þá voru þeir 74. Greidd meðaltalsupphæð þessara styrkja var kr. 110.450.- pr. einstakling.

Þegar skoðað er hvernig þessir 122 styrkir skiptast þá nýta 70 einstaklingar næstum því fullan styrk þ.e. kr. 180.000.- og 52 kr. 120.000.- eða minna. Það eru því um 57% sem nýta sér næstum hámarkið en heildarupphæð þessara styrkja er um 13,5 milljónir króna sem er um 17,5% af heildarupphæð greiddra einstaklingsstyrkja á árinu. Þessi þróun skýrir að mestu leiti þá miklu hækkun á meðaltalsupphæð einstaklingsstyrkja á milli áranna 2011 og 2012.


Hér á eftir fylgja nokkrar tölfræðilegar skýringarmyndir á fjölda einstaklingsstyrkja og dreifingu þeirra á m.a. kyn, aldur, aðildarfélög/landshluta, ríkisfang einstaklinga og tegundir námskeiða/náms o.s.frv.




Starfsmenn hjá Laugafiski; Starfsmenn hjá fiskvinnslufyrirtækjum eru langstærsti hópur umbjóðenda Landsmenntar.




Mynd 6. Myndin sýnir að fjöldi styrkja hefur haldist nokkuð jafn s.l. ár.




Mynd 7. Hér má sjá hvernig styrkir skiptast á milli þeirra 16 aðildarféлага sem aðild eiga að Landsmennt




Mynd 8. Myndin sýnir hvernig veittir styrkir skiptast á milli kynja. Þetta er örlítill breyting þar sem konum hefur fjölgað um 1% á milli ára á kostnað karla.




Mynd 9. Hér má sjá samantekt einstaklingsstýrkja og hvernig þeir dreifast á landshluta. Frá fyrra ári hefur sú breyting orðið að heldur hefur styrkjum hlutfallslega fjölgað á Austurlandi eða um 3,4% en fækkað um 4,8% á Norðurlandi. Þá hefur styrkjum til Suðurnesja fækkað um tæp 3%, að öðru leiti er lítil breyting á milli ára.




Mynd 10. Meðaltal upphæðar útlutaðra styrkja pr. einstakling hefur hækkað nokkuð yfir tímabilið eða um rúmar 10.000.- kr. 2012.



Mynd 11. Hér má sjá hvernig styrkirnir skiptast á upphæðir og er athyglisvert að sjá að um 32% þeirra sem nýta sér einstaklingsstyrki sjóðsins eru að taka út 40-60þús. og 35% eru að taka út innan við 20þús. krónur.




Mynd 12. Af heildarfjölda einstaklingsstyrkja á árinu eru 24% til erlendra ríkisborgara að nýta sér styrki sjóðsins og ekki bara í íslenskunámskeið. Þetta er frekar hátt hlutfall en fjöldi útlendinga innan félaga SGS er 25% félagsmanna. Útlendingar eru skv. þessu duglegir að nýta sér fræðslusjóðinn.




Mynd 13. Á myndinni sést hvernig styrkirnir skiptast á milli aldurshópa. Helstu breytingar hér á milli árána 2011 og 2012 eru að það fjölgar í hópnum 21-30 ára um 3% en fækkar um 2% í hópnum 61-70 að öðru leiti er dreifingin nánast óbreytt á milli ára.

Flokkun einstaklingsstyrkja eftir tegundum náms 2012



Mynd 14. Hér má sjá hvernig styrkir skiptast á tegundir náms. Vert er að benda á að það eru 46% einstaklinga sem eru að nýta styrki sína í starfsnám, framhaldsskóla eða háskólanám.

Skipting fjármagns eftir námi/námskeiðum 2012



Mynd 15. Myndin sýnir hvaða nám er hlutfallslega dýrast/óðýrast. Á þessari mynd sést að nær helmingur fjármagnsins er að fara í starfsnám, framhaldsskóla og háskóla.

Önnur verkefni Landsmenntar

Stefnumótunarfundur Landsmenntar og Starfsafls

Stefnumótunarfundur LM og Starfsafls var haldinn 18. september 2012 á Grand Hótel Reykjavík. Þátttakendur voru þeir aðilar sem standa að sjóðunum þ.e. framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, forystumenn einstakra stéttarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands, stjórnarmenn og varamenn auk starfsmanna sjóðanna. Alls 21 þátttakandi. Fundarstjóri var Anna Kristín Gunnarsdóttir, deildarstjóri hjá Mími Símenntun.

Fundarmenn voru almennt ánægðir með starfsemi sjóðanna. Þeir voru stofnaðir árið 2000 og töldu þeir sjóðina eitt stærsta framfaraskref sem SA og verkalýðsfélagin hafa tekið sameiginlega á seinni árum.

Að mati fundarmanna eru sjóðirnir almennt að sinna vel sínu stoðhlutverki í fræðslu, bæði hvað varðar fyrirtæki og einstaklinga, þótt alltaf megi bæta þá þjónustu. Fundarmenn töldu sjóðina hafa reynst mjög vel á þeim erfiðleikatímum sem þjóðin hefur átt við að glíma síðustu fjögur ár. Þeir hafa lyft grettistaki og opnað augu fólks fyrir nauðsyn menntunar. Hafa skal í huga að félagsmenn með aðeins grunnmenntun hafa þurft að glíma við mikla erfiðleika frá árinu 2008, t.d. hefur atvinnuleysið komið hart niður á þeim hópi. Sjóðirnir hafa stuðlað að því að fræðsluhjólíð er farið að snúast og það eykur stöðugt hraðann. Markmiðið er að fá fleiri til að vera með, bæði fyrirtæki og einstaklinga með þá framtíðasýn yfirvalda í huga að árið 2020 muni 90% landsmanna 20 ára og eldri hafa lokið framhaldsskólaprófi.

Sjóðirnir hafa bryddað upp á ýmsum nýjungum í nálgun sinni á fræðslu til fyrirtækja m.a. verkefnið Fræðslustjóri að láni, sem hefur sýnt sig að nýtist fyrirtækjum og starfsmönnum afar vel í skipulagi og sókn þeirra til menntunar.

Þrátt fyrir að vel hafi til tekist með starf sjóðanna hingað til var bent á að meta þyrfti stöðu þeirra nú, greina hvað hefur verið gert og hvað þurfi að bæta. Í því sambandi var bent á að greina þurfi menntunarstig starfsmanna og þarfir eingstaklinga og fyrirtækja fyrir menntun. Skoða þarf hvernig hægt er að nýta tækni við menntun starfsmanna og þá þarf að greina og meta þá stöðu sem hið óformlega nám stendur fyrir gagnvart hinu formlega og hvernig hægt er að vinna enn betur að sveigjanlegri tengingu þar á milli.

Starfsemi sjóðanna er að nánast að öllu leyti mjög lík, en þó er sumt ólíkt sérstaklega vegna þess að hlutverk Landsmenntar er að sinna félögum á landsbyggðinni þar sem fjarlægðir eru oft miklar á meðan Starfsafl sinnir félögum á stórhöfuðborgarsvæðinu. Kostnaður við verkefni á landsbyggðinni er eðlilega mun meiri en á höfuðborgarsvæðinu.

Styrkjum til einstaklinga hefur fjölgað jafnt og þétt á milli ára hjá báðum sjóðunum sem og fyrirtækjastyrkjum. Styrkir til atvinnuleitanda hafa verið töluverðir hin síðari ár, sérstaklega hjá Starfsafl. Hjá Landsmennt hafa slíkir styrkir verið nokkuð rokkandi á milli ára. Fjárhagsstaða sjóðanna er nokkuð traust þótt gengið hafi á höfuðstól sjóðanna síðustu ár. Á fundinum voru kynntar ýmsar tölfræðilegar upplýsingar varðandi tegundir styrkja, kynjahlutföll og eignastöðu sjóðanna.

Sérstaklega var bent á þann mismun varðandi fjármögnun sjóðanna að landsbyggðarfélögin hættu að greiða til Landsmenntar í árslok 2007 á meðan Efling, Hlíf og VSFK héldu áfram að greiða ákveðið framlag til Starfsafls. Um þetta munar svo sannarlega þegar eignastaða sjóðanna er skoðuð.

Kynningarmál

Þótt starfsmenn hafi verið duglegir að kynna starfsemi sjóðanna þá er hvatt til þess að efla kynningarstarf á meðal félagsmanna og fyrirtækja. Fræðslustjóri að láni öflugt tæki sem og aðrar nálganir við þarfagreiningu fræðslu almennt. Fram kom að mati framkvæmdastjóra SA að sjóðirnir ættu að vera hjálpartæki fyrir fyrirtækin til að koma fræðslu af stað síðan ættu þau að geta tekið við og lagt fé til fræðslunnar í framhaldinu og gert hana að föstum lið í sínum rekstri.

Sjóðirnir eiga að vera sýnilegir í þjóðfélaginu og starfsemi þeirra flestum kunn – sérstaklega þeim sem eiga aðild að þeim.

Framtíðarhlutverk

Það er flestum orðið ljóst að aukin menntun gerir fyrirtæki og einstaklinga betur samkeppnishæf og fyrirtæki vaxa ekki nema með starfsfólkinu. Það þarf að læra á sitt starf og vegna stöðugra nýjunga er símenntun nauðsynleg. Því er nauðsynlegt að framtíðarhlutverk sjóðanna sé skýrt

Hér verða nefnd nokkur atriði er fundarmenn bentu á í því samhengi. Starfsmönnum sjóðanna var falið ásamt stjórnarmönnum að gera tillögur í framhaldinu.

- Vinna þarf að meiri samvinnu á milli formlegs- og óformlegs náms. Æskilegt að menntun sem styrkt er af sjóðunum gefi einingar hjá framhaldsskólunum. Stytttri námsleiðir (námskrár) líkt og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur unnið að, ber að styrkja til viðbótar við það framlag sem kemur frá Fræðslusjóði menntamálaráðuneytisins. Þá þarf að beita sér fyrir því að brjóta iðnám hverskonar niður í „módúla“ þar sem neminn öðlast réttindi eftir hvern „módúl“, sem síðan safnast saman í eitt heildstætt nám. Í Danmörku nefnist þetta (fag)bréf. Í þeirra kerfi eru þegar til 900 slík bréf (færniþréf) í gangi.
- Huga þarf að grunnmenntun, íslensku, stærðfræði og almennri tölvukunnáttu.
- IPA styrkir eru fagnaðarefni, færnigreina á störf á Íslandi og eru 500 störf í sigtinu. Bent var á að sjóðirnir yrðu að hafa skýra sýn á hvernig aðkoma þeirra verði þegar menntun og þjálfun fólks hæfist á grundvelli niðurstaðna færnigreininga á störfum og raunfærnimati.
- EQF og EQM eru tæki til að efla virðingu fyrir hinu óformlega námi. Þá er raunfærnimat að verða algengara og verður vonandi enn öflugra í því að beina starfsmönnum/félagsmönnum inn á þá braut að ljúka formlegu námi.
- Mikilvægt er að aðstoða félagsmenn við að halda utan um nám, námskeið, félagstörf, störf o.fl. allt það sem getur flýtt fyrir til að staðsetja þá í þrep (EQF). Þá þarf að

aðstoða þá við gerð ferilskrár og/eða færnimöppu. Einnig gæti verið heppilegt ef hægt væri að skrá óformlegt nám í miðlægan gagnagrunn.

Styrkir og framlög. Sett fram til umhugsunar og frekari vinnslu fyrir stjórnir og starfsmenn sjóðanna

- Framlög stéttarfélaga til sjóðanna – frekari fjármögnun þeirra
- Framlög fyrirtækja skv. kjarasamningum, er ástæða til að hækka þau?
- Styrkveitingar til fyrirtækja í samanbórið við framlög þeirra
- Hámarksgjald á kennda kennslustund (v/styrkveitinga)
- Styrkir til einstaklinga, upphæðir ekki hækkað í 5 ár!
- Styrkir vegna námsefnisgerðar
- Styrkir vegna náms- og kynnisferða
- Styrkir vegna ferðakostnaðar (ferðir og uppihald) í tengslum við nám/námskeið
- Styrkir vegna túlkapjónustu á námskeiðum í fyrirtækjum
- Styrkir vegna kostnaðar við veitingar og salaleigu í tengslum við nám/námskeið

RECALL - EQM

Landsmennt hefur undanfarin tvö ár tekið þátt í verkefni í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, auk aðila frá fimm öðrum löndum í Evrópu með Leonardo styrk. Um er að ræða samstarfsverkefnið „European Quality Mark for non-formal learning providers – further development“. Verkefnið gengur út á áframhaldandi vinnu sem hófst árið 2002 um vottunarkerfi fræðsluaðila, en gæðamerkið EQM (European Quality Mark) varð til í framhaldi af þeirri vinnu. Áætlað er að vinnu við verkefnið ljúki vorið 2013 en markmiðið er að koma EQM í notkun hjá fleiri Evrópuþjóðum. Fræðsluaðilar framhaldsfræðslu á Íslandi eru þegar farnir að vinna eftir þessu vottunarkerfi og er Ísland þar með orðið leiðandi í notkun þessa vottunarkerfis.

Rafrænt farnám; Mobile learning

Árið 2011 fengu Samtök ferðapjónustunnar (SAF) styrk úr Þróunarsjóði framhaldsfræðslu til að þróa notkun á Rafrænu farnám; Mobile learning, sem gengur út á að nemendur nýta sér farsíma eða tölvur ásamt staðbundinni kennslu í námi. Verkefnið var Samstarfsverkefni SAF, SVÞ, Eflingar, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og starfsmenntasjóðanna Starfsafls, Landsmenntar og SVS. Á árinu var haldið tilraunanámskeið í enskukennslu í farsímum fyrir bílstjóra sem starfa í ferðapjónustu. Námskeiðið var unnið í samstarfi við fyrirtækið BEST í Austurríki, Tribal tæknilausnir í Bretlandi og Kynnisferðir ehf. Mikil ánægja var meðal þeirra

bílstjóra sem tóku þátt í enskunáminu, stjórnenda Kynnisferða og kennara BEST. Aðilar sannfærðust um að rafrænt farnám eigi sér góða framtíð og að fylgjast verði með hinni hröðu þróun sem á sér stað í heimi fjarskiptatækninnar í áframhaldinu.

Fundir og ráðstefnur

Starfsmenn á skrifstofu sjóðsins hafa tekið þátt í fjölda ráðstefna og málþinga/funda. Hér á eftir eru nokkrir af þessum viðburðum taldir upp.

- *Grunnmenntun elfd í raunvísindum og tækni*, málþing á Menntadegi iðnaðarins haldið af Samtökum iðnaðarins á Grand Hótel Reykjavík 24. janúar.
- *Dagur menntunar í ferðaþjónustu*, markmið málþingsins var að ræða mikilvægi fræðslu og símenntunar starfsfólks í ferðaþjónustu. Samtök ferðaþjónustunnar stóð fyrir fyrir Degi menntunar í 6. sinn þetta árið sem var 1. febrúar á Hótel Reykjavík Natura.
- *40. Ársþing ASÍ* haldið á Hilton Reykjavík Nordica 17.-19. október.
- *Framhaldsþing Starfsgreinasambands Íslands*, haldið á Hótel Natura 10. maí.
- *Ársfundur og ráðstefna FA*, haldin á Hótel Reykjavík Natura 29. nóvember.
- *Ársfundur Samtaka fiskvinnslustöðva*
- *Ársfundur Samtaka atvinnulífsins*



Frá ársfundi og ráðstefnu FA; Fyrirmyndir í námi fullorðinna árið 2012. Frá vinstri: Sveinn Vilhjálmsson, Jóhanna Sigríður Jónsdóttir og Sævar Gunnarsson.

Fræðsla og kynningarstarf

Kynningarstarf er nauðsynlegur þáttur í starfi Landsmenntar. Lögð er áhersla á að á heimsíðu sjóðsins séu ávallt réttar upplýsingar um réttindi félagsfólks og því fluttar fréttir af starfi sjóðsins.

Starfsmenn fóru í heimsóknir vítt og breytt um landið en þær heimsóknir skila alltaf góðum árangri sem birtist í fleiri verkefnum. Þessar heimsóknir eru bæði ánægjulegar og um leið mikilvægasti þátturinn í kynningarstarfi sjóðsins.

Í öllu kynningarstarfi Landsmenntar er lögð áhersla á að dreifa bæklingum sem hafa að geyma upplýsingar um starfsemina. Ennfremur eru félagsmönnum og fyrirtækjum leiðbeint um hvernig þeir vinna umsóknir um styrki. Þá er auglýst í blöðum og námsvísum símenntunarmiðstöðva landsbyggðarinnar.

Fjárhagur Landsmenntar

Fjárhagur Landsmenntar stendur enn nokkuð traustum fótum en þó gekk verulega á eignir sjóðsins þetta árið. Tekjur jukust á milli ára um 13 milljónir og þrátt fyrir erfiðleika á fjármáلامarkaði hefur tekist að halda fjármagnstekjum á þokkalegu róli með markvissri ávöxtun í ríkistryggðum bréfum og á innlánsreikningum með sérkjörum. En útgjöldin jukust verulega á milli ára enda mikil ásókn í styrkveitingar sjóðsins hjá aðildarfyrirtækjum og félögum. Sú mikla aukning sem varð á styrkveitingum á milli ára hefur gert það að verkum að eignir sjóðsins hafa minnkað en lækkun á hreinni eign á árinu 2012 voru rúmar 35 milljónir króna og standa því eignir sjóðsins í 64 milljónum í lok ársins.

Þetta verður að teljast viðunandi staða í ljósi aðstæðna en stjórn fylgist vel með þróun mála og breytti t.d. úthlutunarreglum styrkja til fyrirtækja í lok ársins til þess að mæta að einhverju leiti auknum útgjöldum. Þá er greinilegt að vel gengur að innheimta fræðslugjaldið í sjóðinn hjá langflestum aðildarfyrirtækjunum en sú innheimta fer fram hjá aðildarfélögunum gegn 3% þóknun frá Landsmennt. Að auki ákváðu aðildarfélögin að hefja á ný greiðslu til sjóðsins f.o.m. 1. janúar 2013, kr. 7milljónir það árið til að auka enn frekar á tekjur sjóðsins.

Gera má ráð fyrir því að starfsemi sjóðsins verði nokkuð stöðug á árinu 2013 og hugsanlega hefur toppnum verið náð í fjölda verkefna á þessu ári. Árið 2013 fór kröftuglega af stað hvað varðar ásókn í sjóðinn en innstreymi tekna (fræðslugjald skv. kjarasamningi) hefur verið stöðugt og er innheimtukerfi stéttarfélaganna mjög skilvirkt að þessu leyti.

Ávöxtun fjár verður með sama hætti og á liðnu ári, þ.e. ákveðið magn upphæðar í ríkistryggðum verðbréfum ásamt fjármagni á innlánsreikningum á sérkjörum. Viðskipti Landsmenntar fara fram hjá Íslandsbanka.

Lokaorð

Eins og sjá má í skýrslu þessari þá eykst umfang starfsemi Landsmenntar ár frá ári og er það ánægjuefni. Það þýðir hins vegar að það gengur á eignir sjóðsins. Það er fagnaðarefni að eigendur sjóðsins þ.e. SA, Samtök atvinnulífsins og SGS, Starfsgreinasamband Íslands, gáfu yfirlýsingu um menntunaráttak í tengslum við endurskoðun og framlengingu kjarasamnings í janúar 2013. Um leið var ákveðið að auka framlög til sjóðsins um 0,1% og verður það 0,3% af greiddum launum frá 1. janúar 2014. Einnig hafa félögin sem eiga aðild að sjóðnum ákveðið að greiða 7 milljónir til sjóðsins á árinu 2013.

Í fyrrnefndum samningi milli ASÍ og SA var lögð áhersla á að viðbótarféð færi einkum í að fjölga þeim sem sækja einingabært nám og er það með tilvísan í markmið stjórnvalda, Ísland 2020 en þar er lögð áhersla á að lækka hlutfall þeirra sem ekki hafa náð sér í formlega framhaldsmenntun. Rannsóknir hafa sýnt að lykillinn að auknum lífsgæðum fólks bæði félagslega og í efnahagslegu tilliti er aukin menntun. Þá má einnig benda á að sömu rannsóknir sýna að fyrir þjóðfélagið í heild veitir hærra menntunarstig þjóðinni aukna almenna hagsæld. Því er því fé sem veitt er í aukna menntun vel varið.

Í nútíma samfélagi er það orðið viðurkennt að menntun á sér stað alla ævina, menntun sem fólk sækir í dag úreltist á morgun og því er nauðsynlegt að ávallt séu tækifæri fyrir fólk að sækja sér viðbótarmenntun. Sérstaklega verður að hafa þá í huga sem ekki hafa lokið formlegri menntun og taka tillit til þeirra sem velja að mennta sig óformlega samhliða starfi.

Það er því ánægjuefni að sjá að æ stærra hlutfall af ráðstöfunarfé Landsmenntar fer einmitt í framhalds- og háskólanám og það sama á við um starfsnám. Á stefnumótunarfundi Landsmenntar og Starfsafls lýstu menn sig ánægða með stöðuna eins og hún er í dag, en sannmæltust um að gera enn betur. Vonandi mun okkur ganga vel á leið okkar inn í framtíðina svo allir fái að stunda nám og vinnu við sitt hæfi.

Reykjavík, 14. maí 2013

Kristín Njálsdóttir, framkvæmdastjóri
Eyjólfur Bragason, verkefnastjóri